



# Sérstakar reglur um umferð og dvöl

**Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu við Varmárósa sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:**

1. Til þess að tryggja friðhelgi fugla er hundum bannaður aðgangur að friðlandinu allan varp- og ungatímam frá 1. maí -15. ágúst sbr. samþykkt um hundahald í Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ nr. 1348/22. Undanskildir eru hundar í leitar- og björgunaraðgerðum og vegna skipulagðra minkaveiða. Á sama tíma er umferð í friðlandinu ekki leyfileg utan skilgreindra göngu- og reiðleiða.
2. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar. Heimilt er að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.